

Hringekjan

Fjóra daga vikunnar er unnið með fjölgreindakenningu Howard Gardners í hringekju. Þá er unnið með 8 greindir. Þær eru málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, tónlistargreind, líkams- og hreyfigreind, umhverfisgreind, sjálfsþekkingargreind og samskiptagreind. Á Vesturgangi hefst hringekjan kl. 10. Á Austurgangi hefst hún kl. 9:50. Börnin velja sjálf hvaða greind þau vilja fara í og fara á viðkomandi svæði þar sem greindin á sinn heimastað. Leikskólakennararnir velja sér greind til þess að vinna með í 2 vikur og skipuleggja viðfangsefni sem heyra undir hverja greind fyrir sig. Hringekjunni lýkur kl. 11:15 á Vesturgangi og kl. 10:50 á Austurgangi.

